

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra miðvikudaginn 27. júní 2007 í máli

nr. S-111/2007:

Ákærvaldið

(Eypór Þorbergsson fulltrúi)

gegn

X.

(Gunnar Sólnes hrl.)

Mál þetta var dómtekið þann 14. júní sl., er höfðað hér fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með ákæru lögreglustjórans á Akureyri, útgefinni 26. apríl 2007, á hendur X,

„fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás aðfaranótt sunnudagsins 11. febrúar 2007, á veitingastaðnum Kaffi Akureyri, Strandgötu 7, Akureyri, með því að hafa slegið [A] í höfuðið með glasi, er við það brotnaði, með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð á hnakka og mörg minni sár hægra megin á háls og dreifðust glerbrot yfir [B] sem stóð við hlið [A] með þeim afleiðingum að hann hlaut grunnan skurð í slímhúð hægra auga.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar.

Bótakrafa

Af hálfu [A], er þess krafist að ákærða verði dæmd til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 666.154 auk vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 11. febrúar 2007 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að ákærða var kynnt bótakrafan en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.“

Verjandi ákærðu krefst sýknu og til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst hann þess aðallega að bótakröfunni verði vísað frá dómi en til vara sýknu af henni.

Að lokum krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

I.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var aðstoðar lögreglu óskað á veitingahúsið Kaffi Akureyri, kl. 03:25, aðfaranótt 11. febrúar 2007, vegna tilkynningar þess efnis að maður hefði verið sleginn með glasi í hálsinn svo að blæddi mikið úr sárum hans. Við komuna á Kaffi Akureyri hittu lögreglumenn A ásamt dyraverði og barþjóni á staðnum. A var með skurð á hálsi og mjög blóðugur í andliti og á hálsi en virtist vera með fullri meðvitund. Að sögn hans var hann að dansa á dansgólfinu er stúlka rakst utan í hann. Hafi hann gert athugasemd við það og hafi stúlkan þá lamið sig í andlitið með glasi. A sagðist ekkert kannast við stúlkuna. A var síðan fluttur á slysadeild FSA til skoðunar.

Dyravörður á Kaffi Akureyri benti lögreglu á ákærðu þar sem hún kom gangandi ásamt kærasta sínum. Ákærða var greinilega undir áhrifum áfengis og reyndi hún að komast að A til að ná tali af honum. Greinilegt var að hún var í talsverðu uppnámi. Eftir dálitla stund náði lögregla að róa hana niður og greindi hún þá frá því hvað farið hafði á milli hennar og A. Kvaðst hún hafa verið að dansa á dansgólfinu og hafi A rekist utan í hana. Þegar hún hafi snúið sér að honum hafi hann hrækt framan í hana. Hún hafi þá slegið hann og það hefði einfaldlega viljað svo til að glas var í hendi hennar.

II.

Ákærða kveðst umrædda nótt hafa verið að skemmta sér með vinkonum sínum á Kaffi Akureyri. Hún hafi farið að dansa á dansgólfinu. Margt fólk hafi verið á dansgólfinu og dálítið um það að fólk væri að ýta hverju öðru. Hún segir að ýtt hafi verið á bakið á sér og hafi hún borið hendi fyrir sig og snúið sér við. Þá hafi A staðið þar og hann hafi hrækt framan í hana. Ákærða segist þá hafa reiðst, brugðist ósjálfrátt við og slegið hann með glasinu. Kveðst ákærða einungis hafa séð lítið sár á A eftir höggið.

Vitnið A kveðst hafa verið úti að skemmta sér á Kaffi Akureyri umrætt kvöld.

Hann og vinir hans hafi farið á dansgólfið til að dansa og allir hafi þeir verið búnir að drekka áfengi um kvöldið. Á dansgólfinu hafi verið ýtt við honum og hafi hann snúið sér við og hrækt framan í stúlku og hafi hann fengið glas í höfuðið.

Aðspurður segir hann að þessi stúlka hafi verið ákærða. Hann segir þau ekki hafa haft nein samskipti fyrr en á dansgólfinu umrætt kvöld. Vitnið kveðst enga ástæðu geta gefið fyrir því hví hann hrækti á ákærðu og segir hann að það hafi verið rangt af sér að gera það. Vitnið segir að af högginu hafi hlotist talsverðir áverkar þar sem hann hafi skorist á hnakkann, eyranu og hálsinum og í framhaldi hafi verið saumuð 3 spor í hnakkann. Vitnið kveðst hafa þjáðst talsvert af þessum áverkum vegna þess hve mikið blæddi úr þeim, einnig hafi hann misst af íþrótt- og sundtímum í skólanum.

III.

Eins og að framan greinir hefur ákærða játað brot sitt. Framburður ákærðu og vitnisins A er að mestu samhljóða um atburði umrædds kvölds. Þykir brot ákærðu því fullsannað eins og því er í ákæru lýst. Var háttsemi ákærðu hættuleg og réttilega heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í ákæru.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða ekki áður gerst sek um refsiverðan verknað. Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að atлага ákærðu var hættuleg en á hinn bóginn einnig til þess, að afleiðingar áverkanna voru ekki miklir fyrir brotþola. Þá ber að hafa í huga við ákvörðun refsingar að ákærða snögggreiddist vegna óforsvaranlegrar framkomu A við hana, sbr. 4. tölulið 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þykir að öllu framangreindu athuguðu rétt að refsing ákærðu falli niður með vísan til 2. mgr. 74. gr. framangreindra laga.

IV.

Brotþoli sundurliðar skaðabótakröfu sína þannig:

- | | | |
|----------------------|-----|-----------|
| 1. Þjáningarbætur | kr. | 4900,- |
| 2. Miskabætur | kr. | 600.000,- |
| 3. Lögfræðikostnaður | kr. | 61.254,- |

Samtals	kr.	666.154,-
---------	-----	-----------

Brotþoli styður kröfur sínar um greiðslu miskabóta við 3. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála svo og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Einnig er vísað til 3. gr. skaðabótalaga um þjáningarbætur. Þá er vísað til óskráðra reglna skaðabótaréttarins um greiðslu bóta fyrir ólögsmæta og saknæma háttsemi.

Fallast ber á að ákærða hafi með verknaði sínum bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart A. Með vísan til 3. gr. skaðabótalaga þykir krafa um þjáningarbætur samkv. lið 1 nægjanlega rökstudd og ber að taka hana til greina að fullu. Þá þykja skilyrði 26. gr. skaðabótalaga vera til staðar til að dæma ákærðu til greiðslu miskabóta sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 50.000- sbr. 2. lið kröfunnar. 3. liður kröfunnar, lögmannskostnaður er studdur reikningi og ber að dæma ákærðu til greiðslu hans að fullu. Ákærða verður því samtals dæmd til þess að greiða A kr. 116.154- í skaðabætur ásamt vöxtum eins og í dómsorði greinir en ákærðu var birt bótakrafan þann 16.05.2007.

Samkvæmt kostnaðaryfirliti nemur kostnaður af málinu kr. 17.500,-. Ber að dæma ákærðu til greiðslu þeirrar fjárhæðar í sakarkostnað, auk málsvarnalauna skipaðs verjanda hennar, Gunnar Sólnes hr., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 90.000- og er þá virðisaukaskattur innifalinn.

Dóm þennan kveður upp Freyr Ófeigsson dómsstjóri

D Ó M S O R Ð :

Refsing ákærðu, X, fellur niður.

Ákærða greiði, A, kr. 116.154- með vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001, frá 11. febrúar 2007 til 16.06.2007 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða greiði kr. 107.500- í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sólnes hrl., kr. 90.000- og er þá virðisaukaskattur innifalinn.